

Menning

Menning

Menning

Menning

Um þessar mundir eiga Íslendingar þess kost að skoða Norræna textil-triennalinn að Kjarvalsstöðum, þar sem safnað hefur verið saman um 130 verkum frá öllum Norðurlöndunum.

Skemmtilegt andrúmsloft

Það er vissulega áhrifamikilið að ganga nú um sali Kjarvalsstaða og sjá bæði þessar flennistöru samsetningar, sem teygja sig upp og út um vegg, og síðan smærri verk sem oft lýsa fádæma tækni og faguðu handbragði. Það ríkir létt andrúmsloft, fjör og kraftur yfir þessum verkum og við getum einnig sagt að salir Kjarvalsstaða njóti sín sérstaklega vel sem stöð fyrir þennan listviðburð. Möguleikar sýningarrrýmisins virðast vel nýttir.

Gamlar lummur


Það hefur mikið verið rætt og ritað erlendis á síðastliðnum árum um þær breytingar sem hafa átt sér stað í vefjarlistinni. Talað er um að vefjarlistin hafi nú skilið sig að fullu frá málverkinu og hafi öðlast fagurfræðilegt sjálfstæði sem ekki eingöngu felist í efninu sjálfi og tækniinni heldur umfram allt í þeim formheimi sem listafólkið hefur kunnað að skapa.

Manni bregður því óneitanlega þegar farið er í gegnum sýninguna og hún skoðuð og sett í listsögulegt samhengi því augljóst er (samkvæmt þessari sýningu) að norræn vefjarlist hefur á ósköp takmarkaðan hátt slitið sig frá málverkinu. Og verra er að það er nánast eins og að stíga 20 ár aftur í tímann. Maður fær það auðveldlega á tilfinninguna að þetta gæti verið evrópsk málverkasamsýning í lok 6. áratugarins. Greinilegt er að meirihluti listafólksins hér á sýningunni styðst formrænt við geometriskar og lýrskar abstrakthugmyndir (landslagsabstraktionin innifalin) og vefur fermetra af gömlum lummum í anda Vasarely og Soulages. Einnig má sjá hugmyndir sem eru greinilega ættaðar frá ameríska eftirstríðsára-málverkinu.


Það kemur því fram við nánari skoðun einhver herfileg þversögn. Verkin eru unnin stórt og að því er virðist af miklu öryggi og jafnvel bjartsýni, en aftur á móti er niðurstaðan eða árangurinn ákveðin endurtekning á listhugmyndum og formum sem þegar hafa fengið mikla og athyglisverða umfjöllun. Við getum jafnvel sagt að í raun sé búið að leysa og gefa tæmandi svör við þeim listspurningum sem eru hvað mest áberandi hér á sýningunni. Og umfram allt þá virðist norræna vefjarlistin ekki koma fram með ný sjónarmið á þær formvangevultur sem listafólkið hefur tileinkað sér, nema sem liggja eðlilega í sjálfi

NORRÆN VEFJARLIST


— að mála með þræði



Skuggar eftir Sigurlaugu Jóhannes dóttur.




Himinn og jörð eftir Hildi Hákonardóttur.



Billedvævning eftir Karen Serena Möller.

Ljós. GBK.



Tapesry 2 eftir Espen Kopperud.

efninu. Hér er í flestum tilvikum aðeins „málað með þræði“, þannig að meirihluti sýningarinnar virkar einfaldlega sem söguleg klifun.

Uppreisn sýningarinnar

En þótt meirihluti listafólksins framleiði með þræði liðnar listhugmyndir eru greinilega ákveðnir vaxtarbroddar hér á sýningunni eins

Myndlist

Gunnar Kvaran

og sjá má í verkunum Textil I og Textil II, 1981, eftir Inger Carlsson

frá Svíþjóð, og í verkinu Tre Stadier, 1981, eftir Turid Holter frá Noregi, þar sem greinilega kemur fram hugsun sem gengur út frá möguleikum efnisins. Turid Holter hleður verkið lífrænu gildi, einfaldlega með virkni efnisins, sem aðskilur sig fullkomlega frá áhrifum og einkennum málverksins. Þá eru einnig hér á sýningunni stór athyglisverð verk eftir íslensku listakonurnar Hildi


Hákonardóttur og Sigurlaugu Jóhannesdóttur, sem koma skemmtilega á ská við tilbreytingar- og uppfinningaleysi sýningarinnar. Verkið Himinn og jörð eftir Hildi virðist fróðleg framlenging og úrvinnsla á þeim „concept“ hugmyndum, sem hún kom fram með á F.I.M. sýningunni í október 1981 og nefndi Gras 11. Hér hefur henni aftur á móti tekist að þýða og tjá þessar hugmyndir í vef um leið og hún útvíkkar vefjarlistina með tilkomu ljósmyndarinnar. Þetta verk má eflaust túlka á ótal vegu þar sem það liggur milli abstraktonar og hlutveruleikans. En uppbygging og efnistöð verksins eru sérstaklega athyglisverð. Hvernig listakonan skiptir verkinu í lítaða abstraktinn og einfaldar hins vegar hlutveruleikann — náttúruna — niður í svart-hvíta ljósmyndapríyrninga, sem um leið gefa lestrarstefnu verksins. Þó finna megi beina náttúruskirkotun, bæði í gegnum ljóðræna lita-samsetningu dúksins og geometrísk myndbrot, þá fjallar þetta verk kannski fyrst og fremst um sjálfan listmiðilinn. Hvernig listaverkið umbreytir fyrirmyndinni (sem í þessu tilfelli er óskilgreind náttúrusýn), brýtur hana niður og endurbýggir hana upp aftur og þannig skráir hana samkvæmt sínum eigin lögmálum. Það er líkt og merking verksins liggja í sjálfi myndmálinu sem hér hefur gefið vefjarlistinni nýja vídd til að kanna. Þá er Sigurlaug Jóhannesdóttir einnig með skemmtilegt verk sem hún nefnir Skuggar. Þetta er þrívíddarverk sem minnir eðlilega á ákveðnar skúlptúr-hugmyndir, en hér virðist eðli verksins liggja í físléttu efninu sem hangir í „lausu lofti“, líkt og búið sé að yfirbuga þyngdarlögmálið og umbreyta „þræðinum“ í ófniskennt fyrirbæri: skugga, sem hefur þann sérstæða eiginleika að ala af sér annan skugga.... skuggi af skugga.

Eigum við samleið

Eins og kom fram í upphafi virkar þessi sýning sjónrænt séð bæði lífleg og skemmtileg. Það getur vart nokkrum leiðst sem leggur leið sína í gegnum sali Kjarvalsstaða um þessar mundir. En aftur á móti eru margar spurningar sem vakna eftir að þessi norræna samsýning hefur verið skoðuð. Eins og t.d. hvort við eigum raunverulega einhverja samleið með þessum „Skandinövu“? Hvort þetta samstarf sé á nokkurn hátt gefandi fyrir íslenska vefjarlist? Væri ekki hyggilegra að einbeita sér að Evrópu í stærra samhengi og reyna frekar að fá ferskari vefjarlist frá Kanada, Mið-, Austur og Suður-Evrópu? Þá gæti kannski íslensk vefjarlist fengið skýra og ákveðna viðmiðun og um leið kraftmeiri örvun.

GBK

ANDREWS&



Hitablásarar fyrir gas og olíu

Skeljungsúðin

Síðumula 33
símar 81722 og 38125



Toyota Corolla station '81, ek. 50.000, brúnn. Verð kr. 130.000.



Toyota Crown disel sjálfsk., '80, ek. 105.000, rauður. Verð kr. 195.000.



Toyota Corolla GL '82, ek. 20.000, dökk blár. Verð kr. 175.000. (Skipti möguleg á ódýrari Toyota).



Toyota Celica ST '77, ek. 68.000, svartur. Verð kr. 105.000.



Toyota Tercel 3-dyra, sjálfsk., '82, ek. 4.000, beige-met. Verð kr. 175.000.



Toyota Corolla KE-20 '77, ek. 59.000, grár (nýtt lakk). Verð kr. 68.000.



Toyota Carina sjálfsk., '80, ek. 31.000, brúnn. Verð kr. 145.000.



Toyota Cressida 4-dyra, 5-gíra, '78, ek. aðeins 35.000, grænn. Verð kr. 110.000.



TOYOTA

SALURINN

Nýbýlavegi 8 Sími: 44144.